

LÝÐRÆÐI 21. ALDAR

tæki að sér öll stærstu verkefni á meðan illa upplýstur og fátækur meirihlutinn gerði sér að góðu að fá öðru hverju að velja á milli „þessa liðs“ og „hins liðsins“.

Þessi var hugsunin á bakvið fulltrúalýðræðið. Meira að segja á 19. öldinni fól hún í sér of mikla einföldun að mati manna eins og skáld-sagnahöfundarins íhaldssama Anthony Trollope og Keith Hardie, stofnanda Sjálfstæða breska verkamannaflokksins á Bretlandi. Við lok 20. aldarinnar er þessi hugsun orðin óverjandi.“

Velmegun og menntun

The Economist nefndi ýmis dæmi um þau efnahagslegu og félagslegu umskipti, sem riðið hefðu yfir ríkari hluta heimsins á einni öld. Þar má nefna, að fjöldi franskra barna, sem hélt áfram námi eftir barnaskóla, sextíufaldaðist á þessum tíma og fyrir hvert eitt ungmenni sem fór í framhaldsskóla eða háskóla fóru nú 50. Útbreiðsla menntunarinnar hefði víða verið mun magnaðri, t.d. í Japan.

The Economist sagði að efnahagsleg velmegun gerði meðalborgaranum kleift að eyða minni tíma á vinnustað en ella „og því hefur hann meiri tíma en áður til að kynna sér málefni sem varða stjórnun heima-lands hans og taka skynsamlega afstöðu til þeirra ef hann kærir sig um það. Til þessa getur hann ekki einvörðungu reitt sig á þá gríðarlega auknu útbreiðslu, sem einkennt hefur blaðaútgáfu og hófst fyrir einni öld, heldur getur hann einnig nýtt sér tækninýjungar 20. aldar svo sem útvarp og sjónvarp og nýjasta fyrirbrigðið á þessu sviði, Alnetið.“

Og áfram hélt *The Economist*: „Þetta er bylting og það væri stór-



Morgunblaðið/Einar Falur

einkennilegt ef slík bylting yrði ekki til þess að hrikta tæki í stöðum pólitísku kerfis sem byggist á kennisetningum frá því fyrir byltingu.“

Áhrif þessara breytinga eru þegar komnar fram í einu efni, að mati vikuritsins: „Nú á ofanverðum áratugnum hafa margir gert sér ljóst að þeir eru jafn færir (eða ófærir) um

að taka flestar pólitískar ákvarðanir og mennirnir og konurnar sem kjörin eru til að vera fulltrúar þeirra. Almennigur býr yfir sömu menntun, næstum sama aðgangi að þeim upplýsingum sem þörf er fyrir, og mikilvægi þess að komast að réttum niðurstöðum er hið sama; beini fólk athygli sinni að tiltekinni spurningu

getur það oftast veitt skynsamlegt svar. Því lengur sem unnt verður að tryggja framhald hagvaxtar síðustu 50 ára og því víðar sem áhrifa upplýsingabyltingarinnar gætir, því stærra verður hlutfall þjóðarinnar sem þessi sannindi eiga við um.

Ólíkt afa sínum telur meðalmaðurinn nú um stundir ekki að hinn

» Liðin er sú tíð, þegar stjórnvöld ein sátu að öllum upplýsingum sem þurfti til að taka vel grundaðar ákvarðanir.

kjörni fulltrúi hans sé honum á einhvern hátt æðri. Raunar hefur það mikla flód upplýsinga, sem alþýða manna hefur, þó sé tölvutækninni, fengið aðgang að á síðari hluta 20. aldar, leitt í ljós að fulltrúarnir eru langt frá því að vera yfir almenning hafnir.“

Jarðbundnar ákvarðanir

Loks benti *The Economist* á að viðfangsefni stjórnmálanna hefðu breyst. Með hruni kommúnismans hefði vægi hinna hugmyndafræðilegu þátta stjórnmálanna minnkað stórlega. Þær ákvarðanir, sem taka þyrfti afstöðu til, væru mun jarðbundnari en áður og við kosningar stæði valið um marga svipaða kosti, sem vörðudu m.a. smáatriði hagstjórnar. „Verk-efnaskrá nútíma stjórnmála er með þeim hætti að mun heppilegra er að ætla kjósendum að ganga reglulega á kjörfund líkt og hið beina lýðræðiskerfi gerir mönnum kleift.

Önnur afleiðing minnkandi vægis hugmyndafræðinnar er sú að völd stjórnmálaflokkanna fara þværandi. Þetta er mikilvægt atriði vegna þess að flokkarnir – fyrirbrigðin sem menn lýsa yfir stuðningi við eða andmæla á kjördag og mynda síðan ríkisstjórnir – eru ákafir stuðningsmenn fulltrúalýðræðisins. Sjálf tilvera flokkanna er að miklu leyti háð því. Þeir eru því andvígir beinu lýðræði. Að kalda stríðinu loknu geta flokkarnir hins vegar ekki ▶

SKAPANDI STJÓRNMÁL OG LÝÐRÆÐI

Einn kostur við fulltrúalýðræðið er að kjörnir fulltrúar eiga að sjá hlutverk sitt þannig að þeim beri að taka ákvarðanir sem taka mið af almannaheill. En það þarf ekki að gilda um íbúakosningar, nema hinn venjulegi borgari hafi tamið sér lýðræðisvitund og rökræðisíði, að sögn Vilhjálms Árnasonar, prófessors í heimspæki við Háskóla Íslands.


„Sagt er að þingmanni beri að taka ákvörðun í samræmi við samvisku sína. Ég skil það ekki sem hans privatsamvisku, heldur að honum beri sem þingmanni að taka ákvarðanir sem hann telur þjóna almannaheill.“

– Á hann það ekki við sína samvisku?
„Alla vega ekki sína sérvisku,“ áréttar Vilhjálmur. „Þetta er samviska, en mér finnst þetta stundum skilið eins og sérviska,“ bætir hann við og hlær. „Ég held að það væri ákaflega nóturleg framtíðarsýn ef við hefðum enga pólitíska fulltrúa heldur bara einhvern sem telur niðurstöður úr heimatölvum hverju sinni og síðan framkvæmdavald. En leiðin til pólitísks þroska liggur alltaf með þjóðinni, ekki bara inni á þingi. Stundum er talað um að hver þjóð velji sér þá fulltrúa sem hún á sjálf skilið og það er auðvitað mikilvægt að almenningur finni til meiri ábyrgðar og sé virkjaður betur inn í ákvarðanir.“

– Er hugmyndin um beint lýðræði ekki útópísk í eðli sínu?

„Vissulega er sjálf lýðræðishugsjónin útópísk, – að leita sífellt betri leiða til að móta þennan upplýsta almanna vilja sem ákvarðanir í lýðræðisríki eiga að endurspeglja. Það eru skapandi stjórnmál að líta ekki svo á að lýðræðið sé unnið í eitt skipti fyrir öll heldur sé það í stöðugri mótu. Í raun er þetta sambærilegt við það að vera manneskja. Maður er maður og það er staðreynd. En það er alltaf verkefni að vera maður. Við erum lýðræðisríki. En það er líka verkefni að verða öflugra lýðræðisríki. Og hvað er öflugt lýðræðisríki? Það er spurningin sem við þurfum alltaf að vera að spurja okkur.“

Par eru engar skyndilausnir. Það gleymist stundum í þessari umræðu að fyrirkomulag lýðræðisins er stofnanabundið og snýst ekki bara um ákvörðunaraðferðir. Stofnanagrunnur þarf að vera í góðu lagi, t.d. þrískipting ríkisvaldsins. Þetta er nauð-



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Rökræður Vilhjálmur Árnason vill rökræður í stað kappræðna um stjórnmál.

synleg forsenda þess að við búum í lýðræðisríki.“

Vilhjálmur segir margskonar rök fyrir því að ekki séu allar ákvarðanir teknar í almennum kosningum, s.s. hagkvæmnisrök, auk þess sem fulltrúar starfi í umboði fólksins, fari með valdið og taki síðan afleiðingum þess í kosningum. „Hinsvegar er það ákaflega takmarkað viðhorf til fulltrúalýðræðis að þeir fari einir með völdin í fjögur ár og taki síðan afleiðingunum í kosningum, – á þeim eina tímamarki hafi lýðurinn sitt umsagnarvald. Ég held það séu margskonar leiðir í fulltrúalýðræði til að virkja almenning til samráðs. Einn besti punkturinn í sambandi við samræðustjórnmál er að fulltrúar almenning taki ákvarð-

anir í samráði við þá sem ákvarðanir varða og leitist við að skapa samilega sátt í samfélaginu um stjórnmálsákvarðanir.“

Spenna í lýðræðinu

Vilhjálmur leggur áherslu á mikilvægi þess að ákvarðanir séu vel ígrundaðar og skynsamlegar. „Mikið er lagt upp úr faglegu stöðkerfi á sumum þjóðþingum, þar sem þeir sem undirbúa löggjöf og taka stjórnvaldsákvarðanir þurfa að hafa sem bestan aðgang að upplýsingum til þess að ákvarðanir verði faglegar. Ég veit ekki hvort nógu mikið er lagt upp úr því hér á landi, – stundum er því haldið fram að þing- ið sé of fálíðað.“

En þarna kemur fram ákveðin spenna í lýðræðinu á milli þess að vit sé í ákvörðunum og vilja meirihlutans, að dómi Vilhjálms. „Ég held stundum að það sé mest vit í ákvörðunum sem fáir taka og stundum sem einn tekur. Við höfum vel upplýst fagfólk og það er mikilvægt í vitrænum ákvörðunum, skynsamlegum og ígrunduðum, að byggt sé á faglegrri þekkingu. Á móti kemur að lýðræði er hugsjón um það að lýðurinn ráði, að ákvarðanir séu teknar þannig að það stríði ekki gegn vilja meirihluta fólks. Þá er oft verið að telja hausa – hverju flestir eru fylgjandi.“

Á milli þessara tveggja sjónarhóla er skapandi spenna, að sögn Vilhjálms. „Meinleiddin til að vinna úr þeirri skapandi togstreitu sem myndast milli vitsins í ákvörðunum og vilja meirihlutans er rökræðan. Hún verður að vera okkar leiðarljós. Í því skyni þarf að efla fjölmöla og lýðræðislega menntun og við þurfum að temja okkur betri rökræðisíði.“

„Þegar rætt er um þátttök lýðræði finnst mér alltof mikil áhersla vera á að fá útkomu sem er vilji meirihlutans. En það er aðeins endapunktur sem þarf til að skera úr um mál. Að mínu viti er oft mikilvægara að horfa á aðdragandann og hvernig meirihlutaviljinn myndast. Þar kemur ígrundunin til sögunnar; hvernig auka má skynsamlega ígrundun þeirra sem taka ákvörðun, hvort sem það eru fulltrúar í fulltrúalýðræði eða borgarar sem koma beint að ákvörðunum.“

Vilhjálmur segist vera efins um þá framtíðarsýn að hver og einn kjósi í sínu einrúmi við heimatölvu og hinn endanlegi dómur felist í talningu atkvæða í lokin. „Það

skiptir meira máli að skapa farvegi í samfélaginu, vettvang þar sem fólk kemur saman, annaðhvort í beinum eða óbeinum skilningi, og tekur þátt í rökræðu. Einn helsti ljóður á íslensku þjóð sem pólitískri einingur eru rökræðisíðir; við höfum ekki tamið okkur nógu góða rökræðisíði. Það er algengt í stórum ágreiningsmálum að það myndist andstæðar fylkingar, eins og um keppni sé að ræða og það þurfi hernaðarlist til að ná yfirhöndinni.“

Óraunsæ hugsjón?

Hann segir að það megi vel vera að það sé talin óraunsæ hugsjón, en engu að síður sé nauðsynlegt að mætast í rökræðum. „Ef við gefum okkur í rökræðurnar, þá erum við reiðubúin að hlusta á andstæð sjónarmið, því þær fela ekki síður í sér að hlusta. Við vegum rökin og metum og ef þau eru marktæk, þá erum við fús að breyta eigin afstöðu. Kappræða miðast hinsvegar við fyrirframgefna afstöðu, sem varin er með kjáfti og klóm.“

Rökræður þýða ekki endilega að fólk komist að einróma niðurstöðu, en ef vandað er til lýðræðislegs ákvörðunarferlis, þá verður fólk á endanum sáttara við að vera ósammála, að mati Vilhjálms.

„Nú er hvað mest rætt um umhverfismál og mér finnst skiljanlegt að fólk sé ósammála um þau. Það er skrytið að gera þá kröfu til stjórnmálaflokks að hann tali einum rómi um umhverfismál, nema þá hann sé stofnaður um þau. Af hverju ættu menn að vera á einu máli í flokki eins og Sjálfstæðisflokkur? Ef menn hlusta á ólík sjónarmið og eru ekki bara í skotgröfum, þá öðlast þeir skilning á andstæðum sjónarmiðum og geta komið sér saman um stefnu, þó ekki væri nema vegna þess að menn hafa átt kost á að koma að ákvarðanatökunni í skynsamlegri rökræðu. Aðalatriði er að umræðan sé upplýst og síðan að áveitur séu frá þessari almennu rökræðu til stjórnmálanna, þannig að þeir séu í takt við þetta vit þjóðarinnar, sem myndast í deiglu rökræðunna. Kosningar um einstök mál eru bara ein áveita. Þó að beinar kosningar fari fram um mál, þá held ég að hinir kjörnu fulltrúar hljóti að fara með málið á endanum. Þær eru meira hjálparmedal og byggjast á þeim leikreglum sem lagðar eru fyrir.“